



FRÉTTABLAÐIÐ

180. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 14. SEPTEMBER 2021



Angjelin Stark Merkaj bar fyrstur vitni í aðalmeðferð Rauðagerðismálsins svokallaða í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann hefur játað að hafa skotið Armando Beqirai í febrúar. Þrír aðrir sakborn-
ingar í málinu, þar á meðal Claudia Sofia Coelho Carvalho, unnusta Angjelin, báru vitni í gær en hátt í fjórutíu vitni eiga enn þá eftir að koma fyrir dóminn. **SJÁ SIÐU 6** **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Bíða eftir svari til að geta selt netvín

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki svarað erindi um hvort netsala á áfengi hér á landi sé lögleg eða ekki. Fyrirtæki vilja vita hvort markaðurinn sé löglegur.

arib@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Margir íslenskir vinnu- og áfengisframleiðendur hafa hug á því að hefja sölu á áfengi á netinu líkt og netverslanirnar Björland, Sante Wines og Nýja vínbúðin.

Félag atvinnurekenda (FA) hefur óskað eftir svörum frá stjórnvöldum fyrir hönd nokkurra fyrirtækja um hvort starfsemi sem þessi sé lögleg eða ekki en ekki fengið svar.

„Stjórnvöld hafa ekki með neinum hætti gripið inn í starfsemi þessara fyrirtækja. Þá er hægt að draga þá ályktun að starfsemi sé lögleg. Fjármálaráðherra hefur meira að segja sagt það að hann sjái ekki annað en að starfsemi sé lögleg,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.

Ríkið hefur í dag einkarétt á sölu áfengis á Íslandi en neytendur mega panta sér vín frá útlöndum. Nýja vínbúðin er skráð í Bretlandi og Sante í Frakklandi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur kært slíka starfsemi til lögreglu og skattyfirvalda. „Þarna er skritin staða uppi. Ráðamenn segjast ekki sjá annað en að starfsemi sé lögleg en opinber stofnun



Við höfum farið fram á það við stjórnvöld að þau taki af vafa um að þetta sé lögleg starfsemi.

Ólafur Stephensen,
framkvæmdastjóri FA

stendur í því að kæra menn. ÁTVR virðist þannig vísvitandi vinna gegn fyrirsjáanleika og öryggi í viðskiptum með þessa löglegu vöru,“ segir Ólafur.

Staðan hefur haft þau áhrif að fyrirtæki hafa hikað við að fara út í samkeppni á þessum markaði. „Menn vilja ekki eiga yfir höfði sér lögreglurannsóknir og hafa áhyggjur af orðsporinu. Við höfum farið fram á það við stjórnvöld að þau taki af vafa um að þetta sé lögleg starfsemi.“

FA sendi fyrst bréf á fjármála- og efnahagsráðuneytið. Eftir ítrekun var bréfið áframsent á dómsmálaráðuneytið þar sem erindið liggur og því er ósvarað tveimur vikum síðar. „Okkur finnst þetta sérkennilegt. Stjórnvöld hafa leiðbeiningarskyldu gagnvart fyrirtækjunum, auk þess sem gera verður kröfu um að þau leiðrétti rangfærslur undirstofnana sinna.“ ■

Þrír Íslendingar slasaðir á Tenerife

kristinnhaukur@frettabladid.is

SLYS Þrjár íslenskar konur slösuðust á Tenerife á sunnudag þegar pálmatré brotnaði. Allar eru þær á fimm-tugsaldri og er ein þeirra alvarlega slösuð eftir atvikið. Hinar tvær eru með minni háttar áverka.

Slysið gerðist um fjögurleytið á Rafael Puig Lluvia-götunni í Las Verónicas, norðan við Los Cristianos á Amerísku ströndinni, helsta ferðamannastað eyjunnar. Bæði slökkvilið og sjúkralið komu fljótlega á staðinn og voru konurnar fluttar hver á sitt sjúkrahúsið. Lögreglan á staðnum hefur skoðað vettvang en ekki fundið neinar skýringar á slysinu. ■

leikhusid.is

ÁSTA

Framsýning á föstudag!

Þjóðleikhúsið

Bæjarstjóri vill minnka bilið í heilbrigðismálum

benediktboas@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR Á annað hundrað konur úr Vestmannaeyjum hafa verið boðaðar í brjóstamyndatöku eða skimun í Reykjavík, meðal annars Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri. Hún stingur niður penna á Facebook af þessu tilefni og og minnir á að þessi þjónusta hafi verið í boði í Vestmannaeyjum með reglulegu millibili þegar Krabbameinsfélagið sinnti verkefninu.

„Ferðalagið, vinnutapið og kostnaðurinn sem hlýst af þessu gerir þetta fyrirkomulag algjörlega óskiljanlegt. Að ég tali nú ekki um kolefnissporið,“ segir hún. Af þessu tilefni minnir hún á staðsetningu sjúkráþyrilu sem Íris vill hafa á Suðurlandi.

235

Að meðaltali greinast 235 konur árlega með brjóstakrabbamein.

„Ég kalla eftir því að þeir sem valdið hafa fari nú að hugsa hlutina upp á nýtt og vinni í því að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu í stað þessa að breikka bilið enn frekar.“ ■

Ofar regnbogahæðum



Fyrsta haustlægðin skall á landinu á sunnudag og mun móta veðrið fram eftir vikunni. Í gær skiptust ört á skin og skúrir með fallegum afleiðingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skilur ekki afsökunarbeiðni forsetans

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég bara botna ekkert í þessari afsökunarbeiðni ef ég á að vera hreinskilinn,“ segir Stefán Jakobsen tónlistarmaður um afsökunarbeiðni forseta Íslands í gær.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, baðst afsökunar á að hafa notað orðið fáviti í ræðu. Hann sagði fyrir landsleik gegn Rúmeníu að því fylgdi ábyrgð að koma fram fyrir Íslands hönd og krafa um að haga sér sómasamlega og vera ekki fáviti. Guðni segist hafa tekið of sterklega til orða og það geri engum gott, allra sist honum sjálfum.

Stefán, eða Stebbi Jak, bendir á að „Ekki vera fáviti“ séu einkunnarorð Eistnaflugs. Hann hefur sjálfur margoft notað fávitaorðið til að brýna fólk til að hegða sér vel.

„Það að nota þetta orð þýðir ekki að einhver hafi verið kallaður



Einkunnarorð Eistnaflugs til fjölmargra ára.

fáviti. Það að vera fáviti er í mínum huga í þessu samhengi að gera eitthvað rangt á hlut einhvers, vitandi að það sé rangt,“ segir Stebbi Jak, en hann er lærður þroskaþjálfari. ■

Konur eiga erfiðara með að fá fjármagn í fyrirtæki sín

Fáar konur eru í fjárfestingum. Það hefur því vakið heimsathygli að þrjár íslenskar konur fjármögnuðu Crowberry II vísisjóðinn upp á hartnær tólf milljarða. Harvard-rannsókn sýndi fram á að konur upplifa fordóma þegar rætt er við fjárfesta.

benediktboas@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Fyrir helgi var tilkynnt að íslenski sprota- og vaxtasjóðurinn Crowberry Capital hefði fjármagnað nýjan vísisjóð, þann stærsta í Íslandssögunni, Crowberry II, sem er um 12 milljarðar króna eða 90 milljónir dollara. Þær Helga Valfells, Hekla Arnardóttir og Jenný Ruth Hrafnadóttir hafa fjárfest í 15 tækniyrirtækjum í gegnum fyrri sjóð Crowberry og þekkja fjárfestingaumhverfið vel.

Fjölmíðlar úti í heimi hafa sýnt sjóðnum áhuga og fjallað um hann um helgina enda leiddi Evrópski fjárfestingarsjóðurinn (EIF) fjármögnun sjóðsins. EIF er í eigu nokkurra evrópskra banka og er stærsti fagfjárfestir vísisjóða í Evrópu. Þessi erlenda fjárfesting mun hafa mikil áhrif á uppbyggingu tækniyrirtækja og sköpun þekkingarstarfa á Íslandi til næstu 10 ára.

Athygli vekur að alls eru 33 prósent fyrirtækja sem Crowberry fjárfesti í leidd af konum en samkvæmt rannsókn Harvard-háskólans fara aðeins 2,3 prósent af fjármagni til fyrirtækja sem konur leiða.

„Við erum með 33 prósent fyrirtækja leidd af konum hjá okkur en svo erum við líka með blönduð teymi. Það er svolítið merkilegt að kvennateymið eru fljótari að blandast, byrja að fá fjölbreyttara fólk til sín á meðan karlateymið eru nánast bara í körlunum,“ segir Hekla.

Hún segir að sjóðurinn leiti



Stofnendur Crowberry Capital eru þær Helga Valfells, Hekla Arnardóttir og Jenný Ruth Hrafnadóttir, sem hafa fjárfest í 15 tækniyrirtækjum. MYND/ADSENDE



Það geta allir fjárfest meira í kvennateymi. Þær eru að koma til okkar og eru í þessu nýsköpunarumhverfi en eiga erfiðara með að fá fjármagn.



Hekla Arnardóttir, fjárfestir

ekki endilega bara eftir konum heldur er horft í kristalskúluna og hvort hugmyndin sé spennandi. Það skipti engu máli hvort það sé karl eða kona á bak við hugmyndina.

„Langflest teymi sem við hittum eru karlar. Þeir eru búnir að vera

lengur í þessu og langflestir fjárfestar eru karlmenn. Ef við sleppum þeim missum við bara af. Við viljum byggja upp eina deild, ekki karla- og kvennadeild,“ segir Hekla.

Hún segir að þær skrái niður hvað þær hitti margar konur og marga karla. „Stundum er sagt að það sé vandamál að það séu fáar konur að leita eftir fjármagni en það er ekki þannig. Það geta allir fjárfest meira í kvennateymi. Þær eru að koma til okkar og eru í þessu nýsköpunarumhverfi en eiga erfiðara með að fá fjármagn.“

Hekla bendir enn fremur á að rannsókn Harvard hafi leitt í ljós að þegar kvennateymi tali við fjárfesta upplifi þær meiri fordóma. „Þær fá gjarnan spurningar sem gera það að verkum að þær fara í vörn á meðan strákar fá uppbyggilegri spurningar.

Það er eitthvað sem allir þurfa að passa, bæði konur og karlar sem eru að meta svona tækifæri. Að taka sjálfan sig í gegn og spyrja hvort það séu einhverjir fordómar og bera saman á sanngjarnan hátt.“ ■



2

dagar til jóla!

SVO ÞÚ FÁIR HÚSGÖGNIÐ ÖRUGGLEGA HEIM FYRIR JÓLIN

- ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF PÖNTUNUM

MÓDERN

- heimur fagaðra möguleika

www.modern.is

W

Minotti

ROFF

KFF

Krabbameinsfélagið

ÖSKA

ÖSKA


ÖSKA

FAXAFEN 10 • 108 REYKJAVÍK • 534 7777



EKKI GERA SMYRJENDAMISTÖK!

Bíllinn þinn þarf reglulegt viðhald. Nýttu þér sértílboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 25. september.



Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu.*

Engin vandamál – bara lausnir

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

● Toyota Kaupþúni	— Kaupþúni 6	Garðabæ	570 5070
● Toyota Akureyri	— Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
● Toyota Selfossi	— Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
● Toyota Reykjanesbæ	— Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
● Arctic Trucks	— Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
● Nethamar	— Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
● Bílatangi	— Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
● Bifreiðaverkstæði KS	— Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
● Bílaleiga Húsavíkur	— Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
● Bílaverkstæði Austurlands	— Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
● Bílageirinn	— Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

Þurfa að aka börnum sextíu kílómetra á dag í leikskólann

bth@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Foreldrar barna, búsettra á Kópaskeri, hafa síðan sumarleyfi lauk þurft að aka börnum sínum tæpa 30 kílómetra hvora leið í næsta leikskóla sem er Lundur í Óxarfirði. Óljóst er enn með greiðslur vegna akstursins. Sveitarfélagið Norðurþing auglýsti eftir leikskólakennurum í sumar á Kópasker en fékk ekki.



Reykjavíkurborg er fyrir með skrifstofur í Borgartúni.

Enn blæs báknið út hjá borginni

benediktboas@frettabladid.is

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg hefur tekið atvinnuhúsnaði á jarðhæð í Borgartúni 8-16 á leigu fyrir umhverfis- og skipulagssvið. Greiðir borgin 438 þúsund krónur í leigu á mánuði. Um er að ræða um 143,5 fermetra húsnaði og er leigusamningurinn tímabundinn í tvö og hálft ár. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins á borgarráðsfundi í síðustu viku en í bókun þeirra segir að rekstrarkostnaður borgarinnar sé um 20 prósentum hærri en hjá nágrannasveitarfélögunum ef miðað er við höfðatölu. Þá sögðu þeir einfaldlega: „Enn blæs báknið út.“

Kolbrún Baldursdóttir, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, benti á í sinni bókun að ekki kæmi fram í gögnum hver þörfin sé en umhverfis- og skipulagssvið hefði þegar yfir að ráða einni og hálfri hæð í Borgartúni. „Sviðið hefur þanist mikið út á þessu kjörtímabili, ráðningum á fólki fjölgað án þess að útskýra hvað orsakar þensluna.“

Þá benti Kolbrún á að þörfin á viðbótarrými væri sérkennileg í ljósi þess að sviðið kaupi óhemju mikla og dýra ráðgjöf og vinnu frá utanaðkomandi aðilum, verkfræðistofum og arkitektastofum. ■

Fyrir vikið þurfa börnin nú að fara þessi löngu ferðalög. Þar sem grunnskólaskylda er á Íslandi ber sveitarfélaginu að sjá grunnskólabörnum fyrir skólaakstri. Sömu sögu er ekki að segja um yngri börnin, þar sem ekki er leikskólaskylda. Foreldrar þurfa því oft sjálfir að aka börnum sínum daglega, samanlagt tæpa 60 kílómetra, en vonast ella eftir lausu plássí í skólabilnum, sem veltur þá tilfall-



Það má segja að kerfið hafi brugðist okkur.

Foreldri

Koma afganskra flóttamanna tefst vegna skorts á flugferðum frá Kabúl

Ekki hefur tekist að koma afgönsku flóttamönnum sem von var á til landsins frá Afganistan. Eftir að erlendum liðsaflum yfirgaf landið á dögunum hefur tækifærum til brottflutnings íbúa snarfækkað á skömmum tíma.

tsh@frettabladid.is

FLÓTTAMENN Illa gengur að koma afgönskum flóttamönnum, sem ríkisstjórnin boðaði að tekið yrði við í síðasta mánuði, hingað til lands. Töfin stafar einna helst af því að neyðarflug erlendra ríkisstjórna frá Afganistan hefur lagst af og reglulegu millilandaflugi hefur enn ekki verið komið aftur á frá alþjóðaflugvelli í Kabúl.

Ríkisstjórnin tilkynnti í lok ágúst að tekið yrði á móti allt að 120 flóttamönnum frá Afganistan vegna ófriðarástandsins sem skapast hefur þar í landi í kjölfar valdatöku talibana. En sú valdataka gekk afar hratt fyrir sig og glundroði ríkti á flugvelli í Kabúl þegar örvæntingarfullir heimamenn reyndu að komast úr landi.

„Eftir að erlendum liðsaflum fór frá Afganistan hafa möguleikar til að aðstoða fólk við að komast úr landi dvínað mjög. Þeir eru varla til staðar lengur“, segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Hann segir borgarþjónustuna hafa haft samband við 30 manns sem annað hvort höfðu dvalið á Íslandi eða stundað nám við Alþjóðlega jafnréttisskólann á Íslandi og úr þeim hópum hafi nú þegar tíu manns komið til landsins.

„Miðað við þær viðmiðunartölur sem lagt var upp með, rúmlega hundrað manns og allt að hundrað



Afganskar konur mótmæla við skrifstofu flóttamannanefndar Sameinuðu þjóðanna í Nýju-Deli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Eftir að erlendum liðsaflum fór frá Afganistan hafa möguleikar til að aðstoða fólk við að komast úr landi dvínað mjög.

Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins

og tuttugu, þá er óvíst hvað verður með hina“, segir Sveinn.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um þá ákvörðun að taka á móti flóttamönnum segir að einna helst verði horft til fólks úr þremur hópum er taldir eru í bráðahættu eftir valdatökuna.

Í fyrsta lagi er það starfsfólk Atlantshafsbandalagsins og fjölskyldumeðlimir þeirra. Í öðru lagi fyrrverandi nemendur við Alþjóðlega jafnréttisskólann á Íslandi (GRO-GEST) og fjölskyldur þeirra. Loks Afganir sem eiga rétt á fjölskyldusameiningu eða eru komnir með dvalarleyfi á Íslandi en geta ekki ferðast á eigin vegum til landsins.

Sveinn segist telja að margir úr

hópi starfsfólks Atlantshafsbandalagsins séu þegar farnir frá Afganistan en séu ekki enn komnir hingað til lands.

Samkvæmt Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna hafa 570 þúsund Afganir yfirgefið heimili sín á þessu ári, þar af 80 prósent konur og börn.

Sumir hafa flúið til Kabúl en flestir farið til nágrannalandanna. 300 þúsund manns hafa til dæmis flúið til Pakistan, þar sem 1,5 milljónir afganskra flóttamanna er fyrir. 150 þúsund hafa flúið til Íran.

Ekki náðist í Ásmund Einar Daðason félagsmálaráðherra, sem fer með málefni flóttamanna, við vinnslu fréttarinnar. ■



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



Way of Life!

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN
HYBRID

SUZUKI ACROSS TENGILTVINNBÍLLINN ER
SPARNEYTINN, UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR
SPORTJEPPI.

VERÐ KR.
8.590.000



4X4

SUZUKI ACROSS
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast
í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílnum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvelli: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](https://www.suzuki.is)



Suzuki á Íslandi



YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Margir upplifa eftirköst mánuðum saman eftir Covid-smit

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Fjöldi sjúklinga sem greinst hafa með Covid-19 upplifir langvarandi einkenni og eftirköst að einangrun lokinni. Anna Hafberg, hjúkrunarfræðingur á Covid-göngudeild Landspítala, segir í samtali við Fréttablaðið að jafnvel þau sem ekki hafi verið mikið veik af Covid geti upplifað eftirköst.

Aðeins eitt tilfelli í Míkrónesíu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Alls hafa yfir 225,5 milljónir Covid-19 tilfella greinst í heiminum öllum og yfir 4,6 milljónir manna hafa látið lífið. Flest skráð tilfelli eru í Bandaríkjunum, tæplega 42 milljónir talsins, og því næst í Indlandi, rúmlega 33 milljónir tilfella. Þá hefur 21 milljón tilfella verið skráð í Brasilíu. Fæst skráð tilfelli Covid-19 eru í Míkrónesíu, einungis eitt. ■

Býst við fleiri og stærri netárásum

ser@frettabladid.is

TÆKNI Guðmundur Arnar Sigmundsson, forstöðumaður netöryggissveitar Certic, segir líklegt að netárásin á laugardag sé undirbúningur fyrir aðra og stærri árás á næstu dögum eða vikum.



Guðmundur Arnar Sigmundsson, forstöðumaður netöryggissveitar Certic

Árásin á laugardag varð til þess að fólk gat ekki greitt fyrir vörur og þjónustu með kortum sínum og sínum í um klukkustund. Enn hefur enginn lýst ábyrgð ellegar krafði þau fyrirtæki sem árásin beindist að um greiðslur. Guðmundur segir netafbrotamenn reyna gjarnan fyrst fyrir sér með afmörkuðum netárásum og þegar þær virka reiði þeir aftur til höggs – og þá með greiðslukröfu. ■

„Það er því mikilvægt að fara varlega af stað eftir veikindin,“ segir Anna en tæplega ellefu þúsund hafa náð sér af kórónaveirusmiti hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá bandarísku fræðamiðstöðinni Mayo Clinic, geta eftirköst Covid-19 varað mánuðum saman þrátt fyrir að flestir sem smitist jafni sig á nokkrum vikum.

Flestir þeirra sem upplifi langvarandi einkenni eða eftirköst séu eldra fólk eða einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma en ungt og heilbrigt fólk geti þó vel fundið fyrir einkennum í lengri tíma. Algengustu langvarandi einkennum eru samkvæmt Mayo Clinic meðal annars mæði, hósti, liðverkir og hiti en minnisleysi og þunglyndi hefur einnig verið nefnt. ■

Helstu langvarandi einkenni Covid-19

- | | |
|----------------------------------|-------------------------------|
| ■ Preyta | ■ Svefnvandamál |
| ■ Mæði eða öndunarerfiðleikar | ■ Vöðva- og höfuðverkir |
| ■ Hósti | ■ Hraður/þungur hjartsláttur |
| ■ Liðverkir | ■ Tap á bragð- og lyktarskyni |
| ■ Brjóstverkur | ■ Þunglyndi og kviði |
| ■ Minnis- og einbeitingarskortur | ■ Svimi |

Mál sem snertir alla undirheimana

Skýrslutökur í Rauðagerðismálinu hófust í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hin fjögur sem grunuð eru um verknadinn báru öll vitni í gær. Sá sem játað hefur morðið segir það ekki hafa verið ætlun sína.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Angjelin Stark Merkaj sagðist í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur hafa skotið Armando Beqirai í sjálfsvörn. Hann hefði ætlað að ræða við hann þann 13. febrúar síðastliðinn en ekki drepa hann. Fjórutíu manns munu bera vitni í málinu sem hófst í gær og standa skýrslutökur yfir í fjóra daga. Fjórir hafa stöðu sakbornings. Áðurnefndur Angjelin sem hefur viðurkennt að hafa tekið í gikkinn, unnusta hans Claudia Sofia Coelho Carvahlo, Murat Selivrada og Sheptim Qerimi. Angjelin sagðist hafa verið einn að verki og hin þrjú neita sök. Báru þau öll vitni í gær. Angjelin sagði málið hafa orðið til vegna ágreinings við Anton Kristin Þórarinsson, eða „Tona“ eins og hann væri kallaður, um 50 milljónir króna. Angjelin sagði að málið snerist ekki bara um einn mann heldur allan undirheiminn. Armando hefði verið í slagtogi við Vladimir Avramovic og Goran Kristján Stojanovic, en þeir eru eigendur Top Guard, fyrirtækis sem sinnir dyravörslu og öryggisgæslu. Armando og aðrir hefðu beðið Angjelin að taka börn Antons sem gisla en þegar hann neitaði hefði Armando hótad bæði að láta senda hann úr landi og að skera son hans á háls. „Þá ákvað ég að kaupa byssu,“ sagði Angjelin en einnig að hann hefði viljað halda sáttafund. Claudia hefði látið Angjelin vita þegar Armando var heima og Sphetim hefði beðið í bilnum meðan Angjelin fór að hitta Armando. Sagðist hann hafa séð Armando ná í haglabyssu úr skottinu á bilnum



Angjelin Stark Merkaj sem viðurkennt hefur að hafa skotið Armando Beqirai til bana í febrúar mætti fyrir héraðsdóm í gær og bar vitni. Hann sagðist ekki hafa hitt Armando með það fyrir augum að drepa hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”
Þá ákvað ég að kaupa byssu.
Angjelin Stark Merkaj, sakborningur
sínur og setja hana upp í hillu í bilskúrnum. „Þá byrja ég að setja upp hljóðdeyfi og hann sér það,“ sagði Angjelin og hélt því fram að Armando hefði hótad sér. „Armando sagðist ætla að drepa mig og börn

mín og ráðast á mig. Þarna tók ég byssuna upp um leið og hann ætlaði að ráðast á mig. Þá tók ég byssuna upp og byrjaði að skjóta.“ Hefði hann þá veifað til Sphetim að koma með bílinn, farið upp í bílinn og sagt honum að keyra burt. Claudia, sem er sökuð um að hafa vaktad heimili hins myrta og að flytja morðvopnið, neitaði að hafa vitað hvað væri í töskunni sem byssan var í. Hún hefði hins vegar vitað af ágreiningnum og tengslum mannanna. Hún hefði verið að fylgjast með ákveðnum bíl fyrir utan heimili hans þennan dag og átti að láta Angjelin vita þegar bíllinn væri farinn. Átti hún að senda leyniskila-

boðin „Hæ sexy“ til Angjelin sem merki um að Armando væri einn. Eftir að Claudia sendi skilaboðin til Angjelin segist hún hafa yfirgefið svæðið og farið beint heim til Angjelin og því ekki orðið vitni að skotárásinni. Hafi þau Angjelin hins vegar keyrt norður í Varmahlíð um nóttina og lesið um morðið í fréttum daginn eftir. Hún hafi þá séð mann koma með peningasendingu til Angjelin daginn eftir. „Ég var svo hrædd og vissi ekki hvað ég ætti að gera. Eina sem ég hugsaði um var dóttir mín. Ég vissi að hann væri búinn að drepa manneskju og ég var hrædd um að hann myndi gera mér eitthvað,“ sagði Claudia. ■



BÍLAAPÓTEK

9-22

OPIÐ ALLA DAGA



Renndu við í lúguna

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR

Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF

Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG

Opið alla daga 9.00 - 22.00

ÚTSALA

20-70%

AFSLÁTTUR

MÖGNUM TILBOÐ

LÝKUR Á
LAUGARDAG
18. SEPTEMBER

70%
AFSLÁTTUR



ISABELLA, GORMADÝNA
180 X 200 CM

25.074 KR.
VERÐ ÁÐUR 83.580 KR.

50%
AFSLÁTTUR



NINA RÚM OG ROYAL
AVIANA DÝNA 160 X 200 CM

103.590 KR.
VERÐ ÁÐUR 207.180 KR.

60%
AFSLÁTTUR



RÚMTEPPI, VERÐDÆMI
“PEGASO” TEPPI 180 X 265 CM

9.960 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.900 KR.



-20%

COMO HÆGINDASTÓLL,
KREMLITAÐUR EÐA GRÁR

39.920 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR.



-20%

FORTE, RAFDRIFINN
HÆGINDASTÓLL

91.840 KR.
VERÐ ÁÐUR 114.800 KR.

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM
20-70%
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL. GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Skömmin



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Íslenskur verkfræðingur, kominn á níræðisaldur, flutti nýverið til Íslands eftir langa starfsævi í Noregi. Hann hafði ekki dvalið lengi í föðurlandinu að hann afréð að hafa samband við ritstjórnann sem hér heldur á penna og segja honum frá því hvað hann skammaðist sín mikið fyrir að vera aldraður maður á Íslandi; hér á landi væri komið fram við hans líka eins og einhverja umframframleiðslu sem ekkert pláss væri fyrir.

Hann bætti því við að hann vildi helst ekki ræða hlutskipti sitt við gömlu skóla-félagana frá því á námsárunum úti í Noregi, en allir hefðu þeir hlakkað til efri árunna á síðustu misserum starfsævinnar, enda vissu þeir upp á hár hvað biði þeirra.

Og allt gekk það eftir, bætti verkfræðingurinn við, í tilviki norsku vinanna hans, en þeim bæri öllum saman um að aldrei hefðu þeir haft það betra en einmitt eftir að þeir komust á eftirlaun. Og væri hann ekki sjálfur sáttur eftir að hafa flust aftur heim til Íslands, spurðu þeir auðvitað til baka, en verkfræðingurinn kvaðst hafa eytt því tali.

Af skömm.

Við Íslendingar höfum þann háttinn á að leggja fátæktargildirur fyrir gamalt fólk. Og svo niðurlægingin gagnvart þessum aldurshópi sé ekki nógu mikil eigum við líka heimsmet í skerðingarárættu almannatryggingakerfisins, að því er Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, sagði í sjónvarpsþættinum Kjör aldraðra, sem sýndur var á Hringbraut um helgina, en hann er sá fræðimaður hér á landi sem mest og lengst hefur rannsakað efnahag íslenskra ellilífeyrisþega.

Í sama þætti var fjallað á opinskáan hátt um neyðarópið sem berst nú um stundir úr hópi aldraðs fólks á Íslandi sem uppgötvar margt hvert við enda starfsævinnar að það mun verða fátækt gamalmenni, ævina á enda. Einkum og sér í lagi á þetta við um konur sem hafa unnið láglounastörf um sína daga – og mjög líklega stopult vegna barneigna og uppeldisstarfa, en það er einbeittur vilji almannatryggingakerfisins að koma fram við þann hóp okkar landsmanna af óvirðingu. Og hafi það skrimt á lægstu laununum allan sinn starfsaldur, sem vel að merkja er undir framfærsluviðmiðunum hins opinbera, má heita nóg að það fái 75 prósent af því kaupinu í ellilaun.

Þetta er skömmin sem gamalt fólk á Íslandi þorir ekki að tala um við vini sína í útlöndum. ■

Halldór



Frá degi til dags

bth@frettabladid.is

100 prósentá lánstraust

Við lifum á tímum kvíðvænlegrar tortryggni, svo ekki sé meira sagt. Lífum tíma þar sem mannskepnan er sögð eigingjörn og gráðug, gott ef ekki svivirðilega svikul. En stundum koma upp atvik þar sem slíkar kenningar afsannast svo um munar. Og kemur hér ágætt dæmi um það. Árás var gerð á kortafyrirtækin um helgina. Síðastliðið laugardagskvöld stóðu tveir ungir starfsmenn Háskólabíós skyndilega frammi fyrir fullu anddyri af fólki sem vildi kaupa bíómiða og nammi en posarnir voru lamaðir. Enginn gengur með peninga í veskinu lengur – og nú voru góð ráð dýr ...

Og fegurðin mun ríkja ein ...

Hinir ungu starfsmenn fundu lausn. Og voru ekki lengi að því. Þeir leyfðu hverjum og einum bíógesti að fara inn í salina án greiðslu. Poppið og nammið var einnig afhent frítt – í bili. Myndir voru teknar af nesti hvers og eins. Að lokinni sýningu sneri fólk svo aftur til miðasöluunnar og greiddi allt sem hafði verið lánað fyrir. Hver einasta króna skilaði sér í kassann. Vel leyst bæði hjá starfsmönnum bíósins og gestunum og kannski mun það einn dag rætast sem Laxness skrifaði að fegurðin muni ríkja ein... ■

Ísland í plati



Bolli Hedinsson
hagfræðingur

Það er sama hvar borið er niður í almannatryggingakerfið á Íslandi, hún er og hefur alla tíð verið vanfjármögnuð. Stjórnmalamönnum hefur alltaf þótt merkilegra að standa fyrir verklegum framkvæmdum heldur en tryggja þjónustu við fólkið í landinu. Auðvelt er að benda á skólakerfið og heilbrigðiskerfið, kerfi sem þrátt fyrir allt hafa náð að skila þokkalegum árangri fyrst og fremst fyrir þrotlaust starf og förfýsi þeirra sem þar starfa þrátt fyrir óskipulag og vanfjármögnun af hálfu hins opinbera.

Þessi viðvarandi afneitun á raunkostnaði við rekstur almannatryggingakerfisins er fyrst og fremst tilkomin vegna þess hversu auðvelt er að fela hann og það er freisting sem stjórnmalamönnum tekst ekki að standast. Kostnaðurinn kemur ekki fram í eitt skipti heldur á löngum tíma, „den tid den sorg“. Þetta er regla frekar en undantekning. Því má spyrja sig hvort margt í þjóðfélagi okkar séu hreinar skýja-borgir og á einhverju stigi verði sagt við okkur að allt sé bara í plati.

Forsætisráðherra og formaður stjórnmalaflokks sem skilgreinir sig sem vinstri flokk segir í viðtali um stöðu ríkissjóðs að ekki sé þörf til frekari tekjuöflunar. Hvað finnst framlínufólki á sjúkrahúsum og öðrum sem sinna almannatryggingu um slíka yfirlýsingu?

Um hærri veiðigjöld útgerðarinnar segir forsætisráðherra að útgerðin greiði nóg til samfélagsins. Þakka beri sérstaklega að hún láti brauðmola hrjóta af borðum til að rísa undir þjónustu við almenn- ing og að hún sinni viðhaldi á skipum sínum. Ef slík röksemdafærsla heldur vatni þá ætti forsætisráðherra að hætta að innheimta afnotagjöld af fiskveiðum með öllu í þeirri bernsku trú að peningarnir sem eftir verða hjá útgerðunum verði nýttir í ölmusu þó við blasi að mestur gróðinn fer í að kaupa Eimskip, halda úti Morgunblaðinu o.fl. en ekki til þeirra ölmusuverkefna sem forsætisráðherr- ann vill trúa.

Er það kannski bara gott að útgerðin greiði ekki meira í ríkissjóð en hún gerir nú því þá hafi hún úr nægu að spila til gæluverkefna sinna? ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Merkisatburðir

- 1879** Dómkirkjan í Reykjavík er vígð á ný eftir miklar viðgerðir. Meðal annars höfðu verið settir ofnar í hana. Kirkjan var upphaflega vígð árið 1796.
- 1944** Marlene Dietrich kvikmyndaleikkona heldur sýningu í Tripoli-leikhúsinu í Reykjavík ásamt leikflokki ameríska hersins.
- 1950** Flugvélin Geysir brotlendir á Bárðarbungu á Vatnajökli, á leið frá Lúxemborg til Reykjavíkur. Sex manna áhöfn kemst lífs af. Flugvélin finnst ekki fyrir fjórum dögum síðar.
- 1965** Breska hljómsveitin The Kinks kemur til landsins og heldur átta tónleika í Austurbæjarbíói á fjórum dögum.
- 1982** Kristján Eldjárn deyr, 65 ára. Hann var þjóðminjavörður í rúma tvo áratugi og forseti Íslands frá 1968 til 1980.
- 1986** Í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá fæðingu Sigurðar Nordal er ákveðið að setja á laggirnar stofnun sem ber nafn hans. Sigurður var prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands.



Bára segir félagahóp lðunnar fjölbreyttan og samheldinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rímur og ruggustólar

Kvæðamannafélagið lðunn stendur fyrir tónleikum á nýtilkomnum degi rimnalagsins.

arnartomas@frettabladid.is

Á miðvikudaginn stendur Kvæðamannafélagið lðunn fyrir tónleikum í Máli og menningu, Laugavegi 18. Yfirskrift tónleikanna er Rímur, raf og ruggustóll en þar verður boðið upp á bæði kveðskap og hannyrðir.

„Mér finnst áhugi Íslendinga hafa verið að vakna undanfarin ár,“ segir Bára Grímsdóttir, formaður félagsins. „Við í lðunni höfum reynt að vera sýnileg með tónleikum tvisvar á ári og það hefur verið ánægjulegt að sjá hversu margir sýna þessu áhuga og hvað unga fólk er farið að koma í auknum mæli.“

Á tónleikunum verða kveðnar rímur, ýmis kvæði og textar, sumt í bland við rafhljóð eða hljóðfæraleik. Meðal annars verður flutt brot úr Andrarímum eftir Hannes Bjarnason og „Alþingiskosningar“- 39. grein úr „nýju stjórna-skránni“, vísur eftir Steindór Sigurðsson. Þá verða félagar úr þrjónahópi karla

með þrjónastykkinn sín á svæðinu og eru allir, konur og karlar, hvattir til að gera það sama.

Rímnalaginu fagnað

Dagsetning tónleikanna er engin tilviljun en hún hittir á stofndag félagsins, 15. september. lðunn er eitt af elstu menningarfélögum landsins en það hefur verið virkt frá stofnun árið 1929 og í dag eru skráðir félagar yfir 200.

„Við höfum undanfarin ár verið að halda þessa tónleika á stofndegi félagsins sem er orðinn að því sem við köllum dag rímnalagsins,“ útskýrir Bára og segir að félagið hafi þar fengið stuðning menntamálaráðuneytisins.

Á undanförunum árum hefur félagið hist á fundum átta sinnum á ári þar sem félagar kveða, flytja ljóð og hlýða á fyrirlestra sem tengjast málefnum. Þá hefur hagræðingurinn Ragnar Ingi Aðalsteinsson verið með smá bragðfræðikennslu fyrir þá sem vilja skerpa á skáldskapnum eða taka sín fyrstu skref í að byrja að semja.

Á heimasíðu félagsins, rimur.is, má sjá upplýsingar um félagið og ýmsan fróð-

”

Það hefur verið ánægjulegt að sjá hversu margir sýna þessu áhuga og hvað unga fólk er farið að koma í auknum mæli.

leik um kveðskap og bragðfræði. Bára segist mjög ánægð með hversu fjölbreyttur félagahópurinn sé.

„Við erum svo heppin að hafa fengið hæfileikaríkt tónlistarfólk eins og Ragnheiði Gröndal og Gunnar Benediktsson í félagið til okkar,“ segir hún. „En svo eru líka eldri kvæðamenn þarna eins og hann Ingimar Halldórsson sem hefur sérlega fallega kvæðarödd. Hann er í senn fagmannlegur og högvær.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 á miðvikudagskvöld og er aðgangur ókeypis, en fólk er hvatt til að mæta tímanlega og með hannyrðir. ■

Þetta gerðist: 14. september 1982

Grace Kelly lést eftir bílslys

Leikkonan Grace Patricia Kelly fæddist í Filadelfíu í Bandaríkjunum þann 12. nóvember 1929. Hún fékk snemma áhuga á leiklist, söng og dansi þar sem hún lék í fjölda skóla-leikrita, þvert gegn vilja foreldra sinna. Frændur Grace tóku upp hanskann fyrir hana og beittu sér fyrir því að hún kæmist í leiklistarskóla.

Á sjötta áratugnum stimplaði Grace sig inn sem stórstjarna þar sem hún lék í fyrsta skipti í aðalhlutverki gegn Gary Cooper í High Noon og hún vakti mikla athygli í þremur

myndum Alfred Hitchcock, þar á meðal stórvirkinu Rear Window.

Það var svo árið 1955 sem Grace kynntist Rainier 3. fursta af Mónakó á kvikmyndahátíðinni í Cannes og giftu þau sig ári síðar. Þau eignuðust þrjú börn, þar á meðal Albert sem er núverandi fursti Mónakó.

Það var svo 13. september árið 1982 sem Grace fékk heilablóðfall þar sem hún var að aka ásamt dóttur sinni Stefaniu í Mónakó með þeim afleiðingum að bíllinn fór út af og niður fjallshlíð. Grace lést á sjúkrahúsi daginn eftir en Stefania er enn á lífi í dag. ■



Þökkum af alhug auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Sigtryggs Sveins Bragasonar



Elisabet Jóhannsdóttir
Ragnheiður Valgerður Sigtryggisdóttir
Ingibjörg Sigtryggisdóttir
Vilhjálmur, Kjartan, Leó, Nói, Leó, Rúrik og Dagbjört



Hjartans þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát okkar ástkæra

Steingríms Hálfðanarsonar

loftskeytamanns.

Maria Hlín Steingrímsdóttir
Hanna Steinunn Steingrímsdóttir
Jóhanna Þ. Ingimarsdóttir
Sindri Máni, Hilmir Snær og Ísak Eli

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Jón G. Bjarnason útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri



Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri

Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Gunnar Ólafsson

Hvassaleiti 117,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 3. september. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík þann 17. september kl. 13.00.

Elisabet Ólafsson

Ari Ó. Gunnarsson

Erla Á. Gunnarsdóttir

Árni Hermannsson

Elisabet, Gunnar, Auður Sandra og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Þórunn Arndís Eggertsdóttir

frá Vaðli, Barðaströnd,

lést þriðjudaginn 7. september. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, miðvikudaginn 15. september kl. 15.

Athöfninni verður streymt á: <http://promynd.is/thorunn>

Hákon Jónsson

Eggert Hákonarson

Jón Hákonarson

Sonja Dögg Hákonardóttir og barnabörn.

Guðrún K. Valgeirsdóttir

Álfheiður Viðarsdóttir

Magnús Kr. Sigurðsson



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 14. september 2021

KYNNINGARBLAÐ



Erna Vala stofnaði Íslenska Schumannfélagið árið 2020 og starfar nú meðal annars sem formaður þess.

MYND/ANTJE TAIGA

Dramatík í Salnum

johannamaria@torg.is

Menningarhúsin í Kópavogi bjóða í haust upp á fría menningarviðburði á miðvikudögum. Viðburðir hefjast klukkan 12.15 og eru frír. 15. september verða píanótónleikar í Salnum í Kópavogi. Erna Vala Arnardóttir flytur Kreisleriana ópus 16 eftir tónskáldið Robert Schumann.

Dramatískt verk tileinkað ástinni
Kreisleriana er dramatískt tónverk og af sumum talið eitt besta verk Schumanns. „Kreisleriana er fantasía fyrir píanó í átta köflum. Verkið skrifaði Schumann á fjórum dögum í apríl 1838 og tileinkaði unnustu sinni Clöru Wieck, síðar Clara Schumann.

Nafn verksins vísar í persónuna Kreisler, úr smíðju þýska rithöfundarins E.T.A. Hoffmann. Kreisler var sérvitur og skapmikill hljóm-sveitarstjóri og sá Schumann sjálfan sig í honum,” segir Erna Vala um verkið.

Erna Vala, fædd 1995, hefur komið fram víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Meðal viðurkenninga sem hún hefur hlotið má nefna heiðursorðuna Hvítu rósina frá forseta Finnlands 2018.

Tónleikarnir eru 45 mínútur. Vegna fjöldatakmarkana skal panta miða á tix.is. ■



Snædís Traustadóttir fór snemma að vinna við húsasmiði með pabba sínum og afa. Hún segir starfið mjög fjölbreytt og skemmtilegt og ómetanlegt að vinna með fjölskyldunni. Snædís vinnur mest við viðhald gamalla húsa en hér er hún að gera við þak á gömlu húsi í miðbæ Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Var kölluð krakkinn eða stelpan

Snædís Traustadóttir húsasmiður hefur sérþekkingu á viðhaldi gamalla húsa en hún og pabbi hennar vinna saman alla daga við smíðar. Hún lauk háskólanámi en segir að það að sitja kyrr við tölvu eigi ekki við hana en hún nýtur þess að vinna með höndunum. **2**





Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun @frettabladid.is

Snædis fór að vinna á verkstæðinu hjá pabba sínum og afa þegar hún var kornung. Hún segist frá upphafi hafa haft sérstakan áhuga á gömlum húsum enda voru það verkefnin sem pabbi hennar og afi voru vanir að fast við.

„Ég hef alveg reynslu af nýbygg-ingum því ég hef verið í almennu viðhaldi líka, en það er allt öðru-vísi og miklu leiðinlegra finnst mér. Þú ert með miklu meira lif-andi efni þegar þú ert með spýtu. Við höfum mest unnið við gömul timburhús en líka steinhlaðin hús og steipt hús. En ég hef meira gaman af timburhúsum,“ segir Snædis.

„Pabbi er húsasmiður og afi var húsgagnasmiður. Þeir voru alltaf saman í gömlum verkefnum og ég hef verið með þeim í því síðan ég var tólf ára,“ segir Snædis og bætir við hlæjandi að það væri kannski ekkert sérstaklega samþykkt í dag að tólf ára krakki væri inni á verkstæði að taka á móti spýtum úr vélum.

Snædis lærði húsasmiðina seint þrátt fyrir að hafa byrjað að vinna við hana ung en hún útskrifaðist árið 2018. Hún fór fyrst í háskóla en áttaði sig fljótt á að það hentaði henni ekki.
